



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

## Ákvörðun nr. 9/2017

### Bráðabirgðaákvörðun vegna niðurfellingu Íslandspósts ohf. á viðbótarafsláttum

#### I.

##### Forsaga

Með bréfi Íslandspósts ohf. (hér eftir ÍSP), dags. 7. apríl 2017, til viðskiptavina sinna, tilkynnti fyrirtækið um eftirfarandi breytingar á viðskiptaskilmálum bréfa 0-50 gr.:

*„Við endurskoðun Íslandspósts á magnafsláttarkjörum, sem gildi tóku 1. júlí 2012, var ráðgert að hagræði af magnviðskiptum við Íslandspósts kæmi að öllu leyti fram í verðskrá og afhendingarskilmálum magnafsláttar.*

*Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 14/2013 var mælt fyrir um veitingu stighækkandi viðbótarafslátta vegna reglubundinna viðskipta með bréfaþósti í þyngdarflokki 0-50 gr., á bilinu 2-5%, en með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 26. október 2015 í máli nr. E-2249/2014 var úrskurður úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 3/2013, þar sem ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar um nefnda viðbótarafslætti hafði verið staðfest, felldur úr gildi.*

*Að undangengni skoðun og mati á mögulegu kostnaðarhagræði tengdum ofangreindum viðbótarafslætti er það niðurstaða Íslandspósts að ekki sé um marktækt hagræði að ræða sem gefi tilefni til afsláttar og því verða þeir felldir niður að fullu.*

*Í samræmi við dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 26. október 2015 í máli nr. E-2249/2014 um viðbótarafslætti vegna reglubundinna viðskipta með bréfaþósti í þyngdarflokki 0-50 gr., þar sem felldur er úr gildi úrskurður úrskurðarnefndar*

*fjarskipta- og póstmála nr. 3/2013 þar sem ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 14/2013 um afslættina hafði verið staðfest, mun Íslandspóstur fella umræddan afslátt niður frá og með 1. september nk. Magnafsláttur og viðskiptaskilmálar eru að öðru leyti óbreyttir.“*

## **II. Málsmeðferð**

### **1.**

#### *Upphaf máls*

Í kjölfar ábendingar frá markaðsaðila vegna þessarar fyrirhuguðu breytinga óskaði Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) eftir því, sbr. bréf dags. 15. maí 2017, að ÍSP gerði grein fyrir þeirri skoðun og því mati sem fram fór innan fyrirtækisins sem gaf þá niðurstöðu að ekki væri um marktækt hagræði af viðskiptunum að ræða sem gæfi tilefni til afsláttarins. Með bréfi ÍSP, dags. 24. maí 2017, bárust síðan skýringar fyrirtækisins, þar sem vísað var til ákvörðunar PFS nr. 16/2012, bréf ÍSP, dags. 29. janúar 2013, þar sem greint hafði verið frá niðurstöðu ÍSP um kostnaðarlegt hagræði félagsins tengd viðbótarafsláttum. Jafnframt benti ÍSP á að PFS hefði hafnað þessari aðferðarfræði í ákvörðun PFS nr. 14/2013.

Fyrirtækið hafi síðan enn á ný farið yfir þetta hagræði í ljósi niðurstöðu héraðsdóms í máli E-2249/2014 miðað við reynslu undanfarna ára og metið mögulegt kostnaðarhagræði tengdum reglubundnum viðskiptum umfram tilfallandi. Hafi sú vinna hafi leitt til þeirrar niðurstöðu að ekki væri um marktækt hagræði að ræða.

### **2.**

#### *Ósk um frekari rökstuðning*

PFS bað ÍSP síðan um frekari rökstuðning, með bréfi, dags. 30. maí enda taldi stofnunin að ÍSP hafði ekki sýnt fram á nein greining hafi farið fram innan fyrirtækisins við að meta kostnaðarlegt hagræði. Vísaði PFS til þess að ef ÍSP hygðist breyta umræddu afsláttarfyrirkomulagi og/eða ef fyrirtækið teldi að núverandi afslættir, í heild sinni væru of háir en mögulegur sparnaður fyrirtækisins af viðskiptunum, að fyrirtækið legði fram áþreifanleg gögn sem styðji við álit fyrirtækisins.

Stofnunin taldi sig því, að svo stöddu, ekki getað tekið afstöðu til þess hvort fyrirhuguð breyting væri í samræmi við lög um pósthjónustu nr. 19/2002 og að frekari greining upplýsinga og gagnaafhending þyrfti að eiga sér stað. Í ljósi þessa fór PFS fram á að ÍSP frestaði gildistöku skilmálabreytingarinnar þar til afstaða PFS lægi fyrir og ÍSP beðið um að tilkynna viðsemjendum sínum sem og PFS um afstöðu sína fyrir 8. júní 2017. Frestur til að leggja fram umbeðinn gögn og/eða að gera athugasemdir við forsendur PFS var á hinn bóginn veittur til 23. júní 2017. Með tölvupósti, dags. 8. júní 2017, tilkynnti ÍSP að félagði sæi ekki ástæðu til að fresta breytingunum að svo stöddu. Í því sambandi vísaði fyrirtækið í 1. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu þar sem fram kemur að nýja og breytta skilmála skuli senda PFS a.m.k. fimm virkum dögum fyrir gildistöku þeirra. Önnur gögn og athugasemdir yrðu síðan sent innan gefins frests.

### 3.

#### *Kvörtun Burðargjalda ehf.*

Með bréfi, dags. 14. júní 2017, barst PFS síðan kvörtun frá Burðargjöldum ehf., vegna fyrirhugaðra breytinga ÍSP á viðskiptaskilmálum félagsins. Kvörtun félagsins var sent ÍSP með bréfi dags. 15. júní 2017 og fyrirtækinu jafnframt tilkynnt að Burðargjöldum ehf. yrði veitt aðilastaða að því máli sem þá þegar var hafið. Í bréfi stofnunarinnar var hins vegar sérstaklega óskað eftir afstöðu ÍSP til kröfu Burðargjalda um bráðabirgðaákvörðun á grundvelli 11. gr. laga um póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003, sem félagið hafði einnig uppi.

#### 3.1.

##### *Krafa Burðargjalda um bráðabirgðaákvörðun*

Eins og vikið er að hér að ofan krefjast Burðagjöld þess að komi til þess að ÍSP hafni því að falla frá umræddum breytingum á gjaldskrá, er þess krafist að PFS kveði, án tafar upp bráðabirgðaúrskurð, áður en ákvörðun verður tekin um lögmæti breytinganna, á grundvelli 11. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003.

Að mati Burðargjalda myndu umræddar breytingar á gjaldskrá kippa öllum stoðum undir rekstrargrundvellingnum og áhrif þeirra því óafturkræf. Fyrirtækið yrði því fyrir augljósu fyrirsjáanlegu fjártjóni, þar sem það þyrfti líklega að loka allri starfsemi sinni án frekari fyrirvara. Við þessar aðstæður séu því öll skilyrði til uppkvaðningar bráðabirgðaúrskurðar uppfyllt.

#### 3.2.

##### *Svar ÍSP*

Með bréfi, dags. 23. júní 2017 barst PFS svar ÍSP vegna kröfunnar. Að mati ÍSP er ekki ljóst af erindinu hvað bráðabirgðaúrskurður á að ganga út á. Í erindinu segir að sett sé fram sú krafa að PFS, „*beini því til fyrirtækisins að fallið verði frá fyrirhugaðri breytingu á gjaldskrá. Fallist Íslandspóstur ekki á það er krafist ákvörðunar PFS um lögmæti hennar*“ Í erindinu segir enn fremur að ef Íslandspóstur fellst ekki á að væntanleg tilmæli PFS um að draga fyrirhugaða gjaldskrárbreytingu til baka, að PFS nýti sér heimild til að „*kveða upp bráðabirgðaúrskurð...*“ Bendir ÍSP á að PFS hafi ekki beint því til fyrirtækisins að fallið verði frá fyrirhugaðri breytingu, sbr. bréf stofnunarinnar dags. 15. júní sl., og því óljóst að viðeigandi sé að kveða upp bráðabirgðaúrskurð. Til bráðabirgðaákvörðunar gæti þá fyrst komið, skv. kröfugerð Burðargjalda, þegar ekki hefur verið „fallist á“ fyrri kröfu Burðargjalda.

Einnig hafnar ÍSP því að gildistaka breytinga á afsláttarskilmálum, sem um ræðir, hinn 1. september nk. hafi þau áhrif sem lýst er í kvörtun Burðargjalda. Bendir ÍSP á að fyrirtækið hafi tilkynnt um breytinguna 7. apríl sl. eða fyrir tveimur og hálfum mánuði síðan. Burðagjöld hafi því haft nægar tíma til að gera ráðstafanir, t.d. með því að tilkynna viðskiptavinum sínum, ef við á, um breytingarnar. Telur ÍSP því að málsástæða Burðargjalda sé hér haldlaus.

Jafnframt bendir ÍSP á að fyrirtækinu sé heimilt, sbr. 5. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu, að veita afslætti til samræmis við hagræði af viðskiptum, þ.e. sem tæki mið af kostnaði sem ekki hefði þurft að leggja út í við venjulega pósthjónustu. Í magnafsláttarkjörum ÍSP er tekið mið af framangreindu. ÍSP hafi hafnað að marktækt hagræði sé af viðskiptum við svonefnda söfnunaraðila, umfram slík magnviðskipti. Telur ÍSP að Burðagjöldum sé fullkunnugt um þessa afstöðu ÍSP, sbr. bréf fyrirtækisins, dags. 7. apríl sl. Þá áréttar ÍSP að í kvörtun Burðargjalda,

sem telur 6 blaðsíður, er ekki að finna neina athugasemd sem lýtur að þessu atriði sérstaklega, umfram almennar hugleiðingar hér að lútandi, þ.e. um að slík viðskipti „ættu“ að geta leitt til hagræðis. Verður að gera kröfu til þess að kvartandi bendi á a.m.k. eitt raunhæft atriði, því til stuðnings, að hann eigi rétt á viðbótarafslætti, í samræmi við 5. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu, umfram þegar veitta magnafslætti (svonefnda vinnsluafslætti), sérstaklega í tengslum við kröfu um bráðabirgðaákvörðun, en engu slíku er til að dreifa.

Mótmælir ÍSP því að skilyrði séu til að taka ákvörðun til bráðabirgða á grundvelli 11. gr. laga nr. 69/2003, m.a. um að hagsmunir fari forgörðum.

### 3.3.

#### *Svar Burðargjalda*

Með tölvupósti, dags. 23. maí var umsögn ÍSP sent Burðargjöldum og fyrirtækinu gefin kostur á að koma með athugasemdir við umsögn ÍSP. Svar Burðargjalda barst með bréfi, dags. 27. júní 2017.

Í umsögn fyrirtækisins er m.a. lögð áhersla á að PFS hafi þegar greint hagræði ÍSP af viðskiptum við söfnunaraðila, sbr. 5. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu. Núgildandi gjaldskrá sé afrakstur þeirra vinnu.

Þá bendir fyrirtækið á að útsending og dreifing bréfaþósts hér á landi, líkt og í öðrum löndum hafi smám saman verið að minnka. Starfsemi söfnunaraðila á póstmárkaði hafa að mati Burðargjalda án nokkurs vafa leitt til þess að bréfaþóstmárkaður hér á landi dregst hægar saman en ella hafði orðið ef ekki hefði komið til starfsemi söfnunaraðila.

Jafnframt munu umræddar breytingar hafa veruleg fjárhagsleg áhrif á réttindi og hagsmuni Burðargjalda en fyrirtækið hafi milligöngu um útsendingu 5-6 millj. bréfa á hverju ári. Að baki þessum 5-6 millj. bréfa séu 38 samningar, sem ýmist hafa orðið til eftir útboð eða með beinni samningagerð við einstaka viðskiptavinum. Ef breytingar verði að veruleika muni ekki verða unnt að standa við umrædda samninga. Augljóst sé að fyrirtækið muni verða fyrir óafturkræfu fjárhagslegu tjóni ef að breytingunum verður.

Auk þess séu margir samningar tímabundnir og ekki hægt að segja þeim upp og því um ómöguleika varðandi það að geta sagt þeim upp með lögmætum hætti.

Síðan segir í bréfi lögmanns Burðargjalda

*„Í ljósi þess sem að framan greinir liggur fyrir að ákvörðun Íslandspósts um fyrirhugaðar breytingar á viðskiptaskilmálum og gjaldskrá fyrirtækisins ber PFS að stöðva án tafar með uppkvaðningu bráðabirgðaúrskurðar svo tryggja megji að málið fái ítarlega skoðun hjá yfirvöldum póstmála. Slík skoðun er m.a. forsenda þess að PFS, og eftir atvikum úrskudarnefnd, geti metið forsendur fyrri ákvarðanna þeirra varðandi gjaldskrá fyrirtækisins séu brostnar og réttlæti breytingar. Það atriði kallar á ítarlega sjálfstæða skoðun PFS sem ekki verður lokið við fyrir 1. sept. nk. Verði það ekki gert standa allar líkur til þess að um óafturkræft fjárhagslegt tjón verði að ræða hjá umbj. mínum líkt og framan er rakið.*

*Með vísan til framangreinds rökstuðnings, er krafa umbj. míns um að PFS kveði upp bráðabirgðaúrskurð, um frestun á gildistöku fyrirhugaðra breytinga á gjaldskrá og viðskiptaskilmálum Íslandspóst, ítrekuð.“*

#### 3.4.

##### *Viðbótarrökstuðningur Íslandspóst*

Með bréfi, dags. 28. júní 2017, barst PFS síðan viðbótarröksemdir ÍSP í efnisþætti málsins, þar sem fyrirtækið gerir grein fyrir ástæðum og röksemdum sínum fyrir niðurfellingu viðbótarafsláttanna. Ekki er ástæða til að rekja það bréf í þessum þætti málsins.

#### 3.5.

##### *Boðun bráðabirgðaákvörðunar*

Með bréfi, dags. 28. júní 2017, tilkynnti stofnunin ÍSP að hún teldi skilyrðum 11. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003 um töku bráðabirgðaákvörðunar fullnægt og hún hygðist fresta gildistöku skilmálabreytinganna þar til ÍSP hefur gert fullnægjandi grein fyrir því að boðuð breyting sé í samræmi við ákvæði 5. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002.

ÍSP var gefinn frestur til kl. 15:00 þann 29. júní 2017, til að tjá sig um hvort skilyrði fyrir töku bráðabirgðaákvörðunar væru uppfyllt í málinu.

#### 3.6.

##### *Afstaða Íslandspóst*

Afstaða ÍSP barst innan þess frests, sem kveðið var á um. Í umsögn ÍSP er m.a. vikið að efnisþáttum málsins og er ekki ástæða til að rekja það hér.

Síðan segir:

*„Að því er varðar kröfu Burðargjalda um töku bráðabirgðaákvörðunar, þrátt fyrir að hafa fengið tilkynningu um breytinguna hinn 7. apríl sl., og án þess að hafa sinnt því að bregðast við, hafi þess verið þörf, skal tekið fram að hagsmunir þeir sem vísað er til geta hvorki talist geta farið forgörðum né er fyrirsjáanlegt að viðkomandi verði fyrir „fjártjóni“. Núverandi afsláttarfyrirkomulag felur í raun í sér að hluti af rekstrartekjum Íslandspóst, sem standa undir kostnaði meðferð og dreifingu póstsendinga, er fluttur yfir til aðila sem fá greiðslur frá Íslandspósti, án þess að það hafi sérstakan sparnað í för með sér samhliða hjá Íslandspósti. Þó alltaf sé sárt að missa „hagnað“ er ljóst að núverandi fyrirkomulag felur ekki í sér réttmætar greiðslur til söfnunaraðila sem geta talist „fjártjón“ í lagalegu tilliti. Var söfnunaraðilum í lófa lagið að breyta afsláttarkjörum viðskiptavina sinna til samræmis við breytingar sem verða á afsláttarkjörum Íslandspóst, við móttöku umræddra tilkynninga í apríl sl.“*

Að mati PFS er ekkert það í rökstuðningi ÍSP sem breytir þeirri boðun sem fyrirtækinu var tilkynnt um í bréfi stofnunarinnar, dags. 28. júní 2017.

### III. Niðurstaða

#### 1.

##### *Um kröfugerð Burðargjalda*

Vegna athugasemda ÍSP um PFS hafi ekki beint því til ÍSP að fresta gildistöku breytinganna í samræmi við kröfugerð Burðargjalda er rétt að taka fram að PFS beindi því til ÍSP, með bréfi dags. 30. maí sl., sem er hluti af gögnum málsins, að fresta gildistöku breytinganna þar til málsmeðferð væri lokið. Með tölvupósti, dags. 8. júní 2015, taldi ÍSP ekki ástæðu til að fresta breytingunum, að svo stöddu, með vísun í 1. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu, þar sem talað er um að nýja og breytta skilmála skuli senda PFS með fimm daga fyrirvara. Í ljósi þessa verður ekki talið að taka þurfi sérstaklega á þeirri málsástæðu ÍSP, að PFS hafi ekki beint því til ÍSP að fresta skilmálabreytingunni, sem undanfara mögulegrar bráðabirgðaákvörðunar, enda er skjalfest sönnun um annað. Þá er það ekki lagaleg forsenda fyrir töku bráðabirgðaákvörðunar eða fyrir því að beina tilmælum til ÍSP um tiltekin atriði að fram hafi komið krafa um slíkt frá þriðja aðila, sbr. fyrsta málslíð 1. mgr. 11. gr. laga nr. 69/2003 um Póst og fjarskiptastofnun: „*Telji Póst- og fjarskiptastofnun nauðsynlegt að taka ákvörðun í einstökum málum án tafar*“. Hér er um að ræða sjálfstætt mat PFS.

Hafi einhver vafi verið um kröfugerð Burðargjalda þá liggur nú skýrt fyrir að fyrirtækið krefst þess að gildistöku tilkynntra breytinga ÍSP verði frestað þar til PFS, og eftir atvikum úrskurðarnefnd hafi lokið yfirferð sinni á réttmæti breytinganna. PFS skilur kröfugerð Burðargjalda á þann hátt, að fyrirtækið vilji hafa fullvissu fyrir því að þær breytingar sem áætlaðar eru, af hálfu ÍSP, standist ákvæði laga um pósthjónustu, einkum 5. mgr. 16. gr. laganna. Orðalag kröfugerðarinnar getur því ekki að mati PFS verið þess valdandi að ekki sé hægt að taka afstöðu til þess hvort skilyrðum 11. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun séu uppfyllt.

Því til viðbótar er rétt að benda á að stofnunin, getur sjálf, haft frumkvæði að því að taka bráðabirgðaákvörðun samkvæmt 11. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, án aðkomu þriðja aðila, sbr. fyrsta málslíð 1. mgr. ákvæðisins: „*Telji Póst- og fjarskiptastofnun nauðsynlegt að taka ákvörðun í einstökum málum án tafar*“. Hér er um að ræða sjálfstætt mat PFS.

#### 2.

##### *Efnishlið málsins*

Fram kemur m.a. í erindi Burðargjalda að stórir sendendur og söfnunaraðilar hafi átt rétt á svokölluðum viðbótarafsláttum vegna reglubundinna viðskipta frá árinu 2012. Með tilkynningu ÍSP, þann 7. apríl 2017, er tilkynnt að þessir afslættir munu falla niður þann 1. september 2017.

Frá því að PFS hóf athugun sína á málinu, í byrjun maí, hefur PFS kallað eftir skýringum og röksemdum ÍSP fyrir þeim breytingum sem fyrirtækið hyggst gera á viðskiptaskilmálunum. Skoðun þeirra gagna og skýringa sem ÍSP hefur gefið, nú síðast með bréfi, dags. 28. júní 2017 er ekki lokið. Jafnframt er ekki hægt að útiloka að kallað verði eftir frekari skýringum. Á þessu stigi er því ekki hægt að segja um hver hin endanlega niðurstaða PFS kunni að verða.

PFS telur engu að síður, m.a. með vísun til forsögu málsins, og þeirra hagsmuna sem eru undir í málinu og lýst er í erindi Burðargjalda, að nauðsynlegt sé að gengið verði úr skugga um, með fullnægjandi hætti, að breytingarnar muni ekki taka gildi fyrir en lokið er skoðun PFS á forsendum ÍSP. Aðilum mun því verða tilkynnt um framhald málsins í sérstöku bréfi, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003, sem kveður á að tilkynna skuli að PFS muni taka málið til umfjöllunar skv. 9. eða 10. gr. innan sjö daga frá því bráðabirgðaákvörðun var tekin, ella falli hún úr gildi.

### 3.

#### *Skilyrði bráðabirgðaákvörðunar*

Samkvæmt 11. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003 getur PFS tekið bráðabirgðaákvörðun telji stofnunin slíkt nauðsynlegt. Skilyrðin eru að dráttur á úrskurði valdi því að réttindi aðila máls fari forgörðum eða hann verði fyrir verulegu fjártjóni.

Óumdeilt ætti að vera að Burðargjöld hafa töluverða fjárhagslega hagsmuni af því að viðskiptaskilmálar ÍSP séu óbreyttir þannig að svokallaðir afslættir vegna reglubundinna viðskipta séu veittir áfram. Í bréfi fyrirtækisins, dags. 27. júní er bent á að fyrirtækið hafi milligöngu um útsendingu 5-6 milljón bréfa og að baki þeim séu 38 samningar. Taka má því undir það álit Burðargjalda að fyrirtækið geti orði fyrir verulega fjártjóni í skilningi 11. gr. laga um póst- og fjarskiptastofnun gangi þær breytingar eftir sem ÍSP áformar að gera. Hins vegar hefur ÍSP einnig augljósa hagsmuni í málinu, þ.e. að fyrirtækið sé ekki að greiða hærri afslætti vegna viðskipta við stóra sendendur eða söfnunaraðila en skylt er lögum samkvæmt. Fallast verður á, eins og vikið er að í kafla III. 2, að Burðargjöld, sem og aðrir aðilar sem fengið hafa svokallaðan viðbótarafslátt vegna reglubundinna viðskipta, geti haft réttmætar ástæður til að ætla að ÍSP sé með þeim breytingum, sem áætlaðar eru, að fara á svig við reglur 5. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu.

Undir rekstri málsins aflaði PFS einnig upplýsingar frá öðrum stórum aðila á markaði um umfang viðskipta hans til að hægt væri að meta þá hagsmuni sem væru í húfu. Í því tilviki var um að ræða viðskipti upp á [...]¹ milljónir í alls [...]² samningum.

Af ofangreindu leiðir að mikilvægt er að gengið verði úr skugga um að tilkynntar breytingar ÍSP séu í samræmi við ákvæði laga um pósthjónustu, einkum 5. mgr. 16. gr. laganna.

Með hliðsjón af ofangreindu, sem og til að koma í veg fyrir mögulega ónauðsynlega röskun á markaði, telur PFS nauðsynlegt að taka bráðabirgðaákvörðun í þessu máli, þess efnis að breytingarnar munu ekki taka gildi, fyrir en PFS hefur metið hvort rökstuðningur ÍSP sé fullnægjandi með tilliti til 5. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu.

Fyrirtækið hefur skilað inn til PFS umbeðnum gögnum og er stefnt að því að yfirferð PFS verði lokið eins fljótt og verða má. Stofnunin mun birta ákvörðun um niðurstöður sínar um hvort tilefni sé til aðgerða á grundvelli 1. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu.

---

¹ Trúnaðarupplýsingar

² Trúnaðarupplýsingar

4.

*Um tilkynningar og fresti o.fl.*

Undir rekstri málsins hefur ÍSP bent á að sá frestur sem fyrirtækið hefur til að tilkynna um breytingar á viðskiptaskilmálum er aðeins 5 virkir dagar, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu. Af hinum stutta fresti laganna verður ekki dregin önnur ályktun, en að ekki er gert ráð fyrir að PFS samþykki breytingar á viðskiptaskilmálum fyrir fram, stofnunin getur hins vegar krafist breytinga á viðskipsskilmálum, ef komist er að þeirri niðurstöðu að þeir standist ekki lög. Telja verður að heimild PFS taki bæði til viðskiptaskilmála sem tekið hafa gildi, sem og viðskiptaskilmála sem ætlunin er að taki gildi á einhverjum tilteknum tíma eins og hér háttar til, enda er stofnuninni kunnugt um fyrirhugaðar breytingar og hafa þær verið tilkynntar opinberlega.

Í því máli sem hér er til umfjöllunar tilkynnti ÍSP viðsemjendum sínum um breytingarnar þann 7. apríl 2017, eða tæplega fimm mánuðum áður en þeim er ætlað að taka gildi. Í ljósi þessa verður að fallast á það sjónarmið ÍSP að eðlilegt sé að fyrirtækin geri viðeigandi ráðstafanir til að verja sína viðskiptahagsmuni gagnvart sínum viðsemjendum ef ÍSP gerir einhverjar þær breytingar sem mögulega hafa áhrif á kjör þeirra til þriðja aðila. Sá skilningur á sér jafnframt stoð í megininntaki 11. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, sem heimilar töku bráðbirgðaákvörðunar, þ.e. að um sé að tefla hagsmuni sem *geti* farið forgörðum. Með öðrum orðum er vísað til skilyrða sem ekki ennþá hafa átt sér stað.

Hvað varðar sjónarmið ÍSP, sbr. bréf 29. júní 2017, þess efnis að Burðargjöld og aðrir söfnunaraðilar hefðu getað forðað sig tjóni með viðeigandi aðgerðum gagnvart sínum viðskipavinum strax í kjölfarið á tilkynningu ÍSP um skilmálabreytinguna þann 7. apríl, þá getur PFS út af fyrir sig tekið undir það sjónarmið. Á hinn bóginn verður að líta til þess að Burðargjöld hafa lagt fram rökstuðning, sem er á þá leið að boðuð skilmálabreyting standist ekki lög. PFS hefur, eins og sakir standa, fallist á að Burðargjöld geti haft réttmætar væntingar hvað það varðar. Því er um að ræða hagsmuni Burðargjalda sem varða viðskiptasamband fyrirtækisins við sína viðskiptavini sem taka verður tillit til, sbr. 1. mgr. 11. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003.

*Ákvörðunarorð*

**Fallist er á kröfu Burðargjalda ehf. um að skilyrði 11. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun um heimild til töku bráðabirgðaákvörðunar séu uppfyllt í máli þessu.**

**Tilkynnt skilmálabreyting Íslandspósts ohf., dags. 7. apríl 2017, um niðurfellingu viðbótarafsláttu fyrir magnpóst, tekur ekki gildi fyrr en fullnægjandi rökstuðningur fyrir breytingunni hefur verið samþykktur af Póst- og fjarskiptastofnun.**

**Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga,**



**auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.**

*Reykjavík, 30 júní 2017*

---

*Hrafnkell V. Gíslason*

---

*Friðrik Pétursson*